

HJARTAMAGNYL /ACETYLSALICYLSÝRA Í FYRIRBYGGJANDI SKYNI Á MEÐGÖNGU

Fjölmargar klínískar rannsóknir sýna að 60 til 150 mg á dag af acetylsalicylsýru (ASA) minnkar hættuna á meðgöngueitrun (pre-eclampsíu) fyrir 37 vikur um að minnsta kosti 24%, minnkar líkur á vaxtarskerðingu um 20% og fyrirburafæðingum um 14% hjá konum með vissa áhættuþætti.

Áhættuþættir eru flokkaðir í tvo flokka og þarf einn af alvarlegum áhættuþætti eða tvo af miðlungs áhættuþáttum að vera til staðar til þess að konu sé boðin ASA meðferð.

Alvarlegir áhættuþættir:

- langvinnur háþrýstingur
- saga um meðgönguháþrýsting/meðgöngueitrun á fyrri meðgöngu.
- undirliggjandi sykursýki
- langvinnur nýrnasjúkdómur
- sjálfsöfnæmissjúkdómar (t.d. antiphospholipid syndrome, lupus)

Miðlungs áhættuþættir:

- fyrsta þungun
- aldur > 40 ára
- meira en 10 ár frá síðustu meðgöngu
- fjölskyldusaga um meðgöngueitrun
- BMI > 35 kg/m²
- fjölburameðganga.

RÁÐLEGGINGAR:

Þar sem ávinningurinn telst verulegur, lyfið þolist almennt vel og ekki eru þekktar alvarlegar aukaverkanir er konum með áhættuþætti boðin fyrirbyggjandi meðferð með lágskammta ASA (hjartamagnyl).

Mælt er með ASA 150 mg (2 töflur að kvöldi) frá 12 vikum og út meðgönguna. Ætla má að ávinningur fáiast þó að meðferð hefjist síðar.

Frábending er ofnæmi fyrir lyfinu og gæta ætti varúðar við ákveðna sjúkdóma í meltingarvegi (magasár, bólgusjúkdómar í ristli) og við vissa blæðingahneigð.

STORKUSJÚKDÓMAR Á MEÐGÖNGU (THROMBOPHILIA):

Ákveðnir storkusjúkdómar auka áhættu á meðgöngueitrun, t.d. anti-cardiolipin mótefni og er því ráðlagt að setja þær konur á ASA skv. ráðleggingum hér að ofan. Ekki er aukin hættu á meðgöngueitrun hjá konum með factor V Leiden, antithrombin III deficiency, protein C deficiency, protein S deficiency, lupus anticoagulant og áunnið APC viðnám en þessar konur þarf hins vegar að meta m.t.t. segavarnar. Sjá fróðleiksmola um segavarnir.

HEIMILDIR:

<http://www.nice.org.uk/guidance/cg107/evidence/cg107-hypertension-in-pregnancy-full-guideline3>

MÆÐRAVERND PÍH ENDURSKOÐAÐ JANÚAR 2020